

MÁGUSARTÍÐINDI 2013



EFNISYFIRLIT

Ávarp Ritstjóra Ritnefnd Mágusar	5
Ávarp Formanns Stjórn Mágusar	6
Nýnemaviðtöl	8-10
Maritech Wise Analyzer. Ný lausn til að greina upplýsingar í rauntíma	12
Þú ert forstjórinn	14-15
Skiptinám Andri á Evrópuflandri	16-18
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	19-20
Viðtal: Nordic Style Magazine	22-24
Félagslífið	25-28
Viðtal: Viðskiptamaður ársins 2011	29
NESU	30-31
D3 og íslenski afþreyingarmarkaðurinn	32-34
Lífið í deildinni	36-39
Viðtal: Microbar	40-41
Styrktarlínur	42
Vestfirðir	43

„Meistaránám í alþjóðaviðskiptum við HR er krefjandi og skemmtilegt og býður framúrskarandi úrval kennara og gestafyrirlesara sem eru í beinum tengslum við atvinnulífið. Það eru forréttindi að fá þann möguleika að verja einni önn erlendis við vinnu eða nám og efla með því enn betur alþjóðleg tengsl.“

Pórunn Sigurðardóttir

MSc í alþjóðaviðskiptum með áherslu á markaðsfræði frá HR. Starfsnám á vegum utanríkisráðuneytisins í New York. Verkefnastjóri hjá Arion banka á þróunar- og markaðssviði.

Ef þú vilt ná lengra

Í atvinnulífinu er reynsla af nýsköpun, greiningu og lausn raunhæfra verkefna ómetanleg. Í framhaldsnámi við HR hafa nemendur tækifæri til sjálfstæðra rannsókna og þverfaglegs náms. Í háskólanum er takmarkaður nemendafjöldi sem gerir kennurum kleift að vinna með hverjum og einum nemanda og námsáætlanir eru sniðnar að nemandanum sjálfum. Framhaldsnám við HR sker sig úr hvað varðar þjónustu við nemendur og tengsl við atvinnulífið.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



hr.is

Mágusartíðindi

8.tölublað 2013

Útgefandi

Mágus, félag viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands
www.magus.is

Ritstjóri

Óli Sveinn Bernharðsson
olisbenna@gmail.com

Ritnefnd

Dagný Lára Guðmundsdóttir, Jón Kristinn Einarsson,
Óli Sveinn Bernharðsson, Trausti Einarsson, Valdimar
Már Pétursson

Hönnun og umbrot

Pétur Stefánsson

Prenntun

Oddi

Ávarp Ritstjóra



Óli Sveinn Bernharðsson
Ritstjóri Mágusar

Kæri lesandi. Margt spennandi hefur gerst á þessum örfáu dögum þessa árs 2013 sem liðnir eru. Ísland vann Icesave, Páfinn sagði af sér, Jón Gnarr borgarstjóri Reykjavíkur flutti tímabundið í Breiðholtið og nú er komið að næsta stórviðburði ársins: Útgáfa Mágusartíðinda 2013.

Þegar ég tók við þessu embætti ritstjóra af Andreu Sigurðardóttur gerði ég mér ekki fyllilega grein fyrir í hvað ég var búinn að koma mér. Svefnlausar nætur, himinhár simreikningur og námslestur er aðeins brot af því sem þurfti að fórnast fyrir Mágusartíðindi. En að sjálfsögðu var þetta ekki alsæmt, ég kynntist nýju fólki sem hafði skemmtilegar sögur að segja, eignaðist nýja vini sem deila áhuga mínum á ritmennsku, vann náðið með stjórn Mágusar bæði sem ritstjóri og stjórnarmeðlimur. Ég verð að þakka ótal manneskjum fyrir stuðning og

vinnuframlag við útgáfu Mágusartíðinda 2013. Ritnefndin samanstendur af fjórum einstaklingum sem virkilega lögðu sitt af mörkum í blaðið, án þeirra hefði blaðið aldrei litið dagsins ljós. Blaðið í ár er stúfult af skemmtilegum sögum, áhugaverðum greinum, ferðasögum um Evrópu ásamt þeim fjölda mynda úr félagslífi Mágusar á skólaárinu sem er að liða.

Árangurinn af öllu þessu þúli hjá okkur er virkilega góður, blaðið í ár er flott, greinarnar eru allar mjög glæsilegar og greinilegt að Mágus lumar ekki einungis á sætustu stelpunum heldur einnig á nokkrum góðum pennum. Í heildina litið er þetta glæsilegur árangur og er ég sjálfur mjög stoltur af þessu. Þetta hefur verið skemmtileg lífsreynsla sem hefur skilað mér miklu, bæði í sjálfstrausti og vinnubrögðum. Ég vona að þú, kæri lesandi njótir blaðsins til hins ýtrasta og bjóðir ritnefndinni bjór á barnum á árhátíðinni, þau eiga það vikilega skilið!

Framsækni og metnaður

Það er yfirlýst stefna okkar að vera í fremstu röð í allri starfsemi okkar og að hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Við erum stolt og þakklát fyrir margvíslegar viðurkenningar sem við höfum hlotið. Þær eru afrakstur af metnaði og árangri starfsfólks okkar.

Meðal þeirra eru:

Jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs (1996); Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins (2000); Jafnréttisviðurkenning Hafnarfjarðarbæjar (2001); Íslensku gæðaverðlaunin (2005); Íslensku starfsmenntaverðlaunin (2000 og 2006); Öryggisverðlaun Evrópsku álsamtakanna (2007); Málmvinnsluverðlaun The Minerals, Metals & Materials Society (2008); Öryggisverðlaun aðalforstjóra Rio Tinto (2010); forvarnaverðlaun Vinnueftirlitsins og VÍS (2001 og 2011); og fimm stjörnu viðurkenning evrópsku gæðasamtakanna (2012).

www.riotintoalcan.is

RioTintoAlcan



Ritnefnd Mágusar

Efri röð: Trausti Einarsson, Dagný Lára Guðmundsdóttir, Óli Sveinn Bernharðsson, Valdimar Már Pétursson.

Neðri röð: Jón Kristinn Einarsson



Stjórn Mágusar

Efri rauð: Óli Sveinn Bernharðsson, Þórir Jakob Olgeirsson, Hólmgeir Reynisson, Tómas Pétursson, Valdimar Már Pétursson.

Neðri röð: Sigprúður Dóra Jónsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir

Ávarp Formanns



Hólmgeir Reynisson
Formaður Mágusar

Rue Saint Germain, París. Falleg risibúð. Síminn á speaker. Næsti formaður Mágusar er Hólmgeir Reynisson.

Þannig hófst formannstíðin hjá mér fyrir rúmu ári síðan. Sæluvima og einbeiting lýsti tilfinningum mínum þetta kvöldið. Ég var orðinn formaður nýrrar stjórnar Mágusar sem beið þess full af dugnaði að takast á við verkefni næsta starfsárs. Strax morguninn eftir var farið að skipuleggja, hvernig hægt væri að skemmta nemendum viðskiptafræðideildar í heilt ár. Markmið okkar var að sýna aðrar hliðar á starfi viðskiptafræðinga. Sækja vísindaferðir fyrir einstaklinga á stjórnunarlinu eða markaðs- og alþjóðalínu.

Fyrsta stóra verkefni stjórnarinnar var að halda nýnemaferð. Gekk hún að öllu leiti vel og bennti aðeins til þess að þetta starfsár yrði ánægjulegt og lærdómsríkt. Við tók fjöldi vísindaferða, partý-a og að ógleymdu karla- og kvennakvöldi Tradition. Markmið stjórnarinnar var að auka sýn viðskiptafræðinema á fjölbreytileika starfs viðskiptafræðingsins. Fengum við þann heiður að mæta í vísindaferð í verkfræðistofur, Ölgerðina, Atlantsolíu og Kjarafélag viðskipta og hagfræðinga.

Rétt er að geta þess að félagar í Mágusi þetta árið eru 295 og erum við í stjórninni gríðarlega stolt af hverjum og einum. Að lokum þessa stutta formannsávarps yljár það mér um hjartarætur að hugsa til meðstjórna minna, þann dugnað og ósérhlífni sem þau sýndu á þessu síðasta ári. Mig langar að þakka þeim sérstaklega, því án þeirra hefðum við ekki getað haldið uppi því gæða félagslífi sem Mágus er þekkt fyrir. Einnig langar mig að senda þakkarkveðju til allra nefndarmanna sem studdu okkur og þeir harðduglegu Mágusarmeðlimir sem mættu á viðburði ársins.

Ég vil að lokum þakka öllu því íþróttafólki sem sem tók þátt í Mágus-Orator deginum og með frábærri frammistöðu tókst okkur að veita laganemum harðakeppni fram að síðustu stundu.

Rebbi lengi lífi
Hólmgeir Reynisson.
Formaður Mágusar, 2012-2013



Bláa kortið borgar sig

Með Bláa kortinu færð þú afslátt hjá fjölda fyrirtækja um allt land. Kortið færir þér aðgang að Hringtorgi, öflugri upplýsingaveitu sem heldur utan um öll fríðindi Bláa kortsins. Korthöfum bjóðast betri kjör víða um land, m.a. á veitingastöðum, í bíó, heilsurækt, bensíni og ýmsum viðburðum.

Sæktu um Bláa kortið á hringtorg.is.



Þú getur sótt appið með því að skanna QR kóðann.



Nýnemaviðtöl



Valdimar Már Pétursson

Hvaða módel ertu?

91 módel

Hvað segir kellingin?

Bara ferskur

Uppáhalds kennarinn?

Ingi Rúnar því að hann er með svakaleg sambönd útum allt í atvinnulífinu og svo auðvitað Maggi Páls. Ársæll er reyndar líka hátt uppi á metorðalistanum.

Hefuru mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?

Ég hef mætt í þær flestar, nema vífilfell. Félagsskapurinn í Landsvirkjun var bestur, maturinn og vinið var frábær í Kpmg. Ef við teljum nýnemaferðina með einnig var hún ofarlega á listanum.

Hvað fékk þig til að velja þetta nám?

Get money, get paid. 2007.

Hvað kennari er sætastur?

Davíð stærðfræðikennari samt no homo hann er bara svo sjúklega massaður

Hvaða stjórnarmeðlim værir þú líklegastur til að vinna í slag?

Örugglega alla

Hvaða kennara værir þú líklegastur til að vinna í slag?

Ég myndi sigra þá alla en Davíð er á gráu svæði, mögulega jafntefli

Ef þú mættir skipta út einum kennara fyrir dýr, hvaða kennara myndiru skipta út og hvaða dýr kæmi í staðinn?

Breyta þeim öllum í ljón, þeir sem falla í lokaprófunum verða étnir.

Hvað varstu í seinasta lífi?

Flugmaður í Top gun skólanum

Ertu alkohólisti?

Nei, þetta er ekki vandamál.



Ingunn Grétarsdóttir

Hvaða módel ertu?

90

Hvað segir kellingin?

kellingin er bara illa lyktandi í loðnuvinnslu uppá skaga

Hvernig finnst þér félagslífið hafa verið?

Mér finnst það hafa verið gott! Hefðu samt fleiri mátt koma og styðja Mágus á Mágus vs. Orator!

Hefurur mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?

Ég hef mætt í þó nokkrar! Alls ekki allar samt. Það var mjög góð stemming í Landsvirkjum þar sem við vorum lítill hópur (rétt fyrir prófin) sem fórum niður í bæ eftir á með hvítvinsbelju og biðum spennt þangað til klukkan sló 10 til að fara í karóki!

Hvert ertu að fara í skiptinám á næsta ári?

Sótti um á Spáni! Madrid og svo Granada sem vara

Afhverju langar þig að fara út í skiptinám, eða hvað hafði áhrif á það að þú ákvaðst það?

Ég hef verið frekar mikið á flakkinu seinustu tvö ár í útlöndum þannig ég get ekki hugsað mér að vera föst á Íslandi í 3 ár í skóla! Þannig þetta var fullkomin lausn.

Hvaða stjórnarmeðlimur er mest sexý?

Hólmgeir, Yfirvaraskeggið hans

Ertu til í kellingin?

ÖÖÖÖÖ nei ég er ekki til í kallingin

Mesta goðsögn viðskiptafræðinnar?

Er það ekki Norðfjörð vinur minn

Hvaða stjórnarmann værir þú líklegastur til að vinna í slag?

Alla, af því að ég tek 200 í bekk

Hvaða kennara værir þú líklegastur til að vinna í slag?

Fjáransbókhalddskennarinn Bolli, því að hann er svo slow

Ef þú mættir skipta út einum kennara fyrir dýr, hvaða kennara myndiru skipta út og hvaða dýr kæmi í staðinn?

ég myndi skipta út Bolla, girafa af því þeir eru cool



Simona Vareikait

Hvaða módel ertu?

92.

Hvernig finnst þér námið?

Æði, náði að kynnast fullt af fólki, en hinsvegar erfitt og krefjandi. Mér finnst vera mikið álag á manni.

Hvernig finnst þér félagslífið hafa verið?

Það er alltaf eitthvað að gerast, spennandi vísindaferðir, síðan skaðar ekki að hafa unnið kassa af bjór í keilumótinu

Hefurur mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?

já ég er nokkuð dugleg að mæta. Reyni samt að vera skynsöm og djamma ekki of oft. Fer oftast ef mér finnst fyrirtæki sem eru að bjóða okkur til þeirra áhugaverð. Fannst Dale Carnegie mjög fæðandi, síðan stóp KPMG sig vel, góður matur, drykkir og leist vel á þeirra val að vera með uppistand í boði Björns Braga.

Hvað fékk þig til að velja þetta nám?

Ég útskrifaðist úr viðskipta- og hagfræðibraut þannig það fannst mér vera góð ákvörðun að halda áfram að dýpka þekkingu mína. Annars er líka töff að geta kallað sig viðskiptafræðing í lok náms

Would you rather fight one horse-sized duck, or a hundred duck-sized horses?

Erfiðasta val lífs míns, en ég held að ég velji frekar horse-sized duck, þá gæti ég kannski falið mig einhversstaðar! Er ekki mikið fyrir að berjast.

Hvað kennari er sætastur?

Dæmatímakennari í rekbók 2, hann er bara svo sætur.

Hvaða stjórnarmeðlimur er mest sexý?

Óli... voða sexy

Hvaða stjórnarmeðlim værir þú líklegust til að vinna í slag?

Tómas, þessi hávaxni

Hvaða kennara værir þú líklegust til að vinna í slag?


Davíð Massaði stærðfræðidæmatímakennari

Ef þú mættir skipta út einum kennara fyrir dýr, hvaða kennara myndiru skipta út og hvaða dýr kæmi í staðinn?

Hver býr eiginlega til þessarspurningar???? Frekar sáttari með menn en dýr í kennslu

Hvaða stjórnarmeðlim værir þú helst til að sjá á þingi?

Hrafnhildur Cummings



Kristófer Þórsson

Hvaða módel ertu?

92

Ertu til í kellingin?

Jáá

Hvernig finnst þér námið?

Bara mjög skemmtilegt, eiginlega skemmtilegra en ég átti von á

Hefurur mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?

Hef mætt í þrjár, Kpmg stendur sérstaklega uppúr, flott fyrirtæki, flottar veitingar, uppistand og var mjög áhugavert

Ertu búin/n að ákveða hvað þú ætlar að gera eftir námið?

Fara í endurskoðun.

Var þetta fyrsta valið eða kom annað til greina?

Sjúkraþjálfari kom til greina, en viðskiptafræði heillaði meira. Sjúkraþjálfarinn er samt eitthvað sem ég hef enn áhuga á.

Hvaða stjórnarmeðlimur er mest sexý?

Óli Ritstjóri, ég skil eiginlega ekki afhverju þú spyrð

Hvaða kennari er líklegastur til að vera vampíra?

Ingi Rúnar, Hann er náttúrulega eitursvalur

Mesta goðsögn viðskiptafræðinnar?

Hrólfur, maðurinn sem drakk tikallinn

Hvaða stjórnarmeðlim værir þú líklegastur til að vinna í slag?

Ég gæti tekið ykkur öll

Ef þú mættir skipta út einum kennara fyrir dýr, hvaða kennara myndiru skipta út og hvaða dýr kæmi í staðinn?

Bolla fyrir simpansa

Hvað varstu í seinasta lífi?

Górilla



Guðni Hallmundsson

Hvaða módel ertu?
Ég er 92

Besti/uppáhalds kennarinn so far?
Hugsa að það sé Magnús Pálsson en Markús kemur auðvitað líka sterkur inn úr bókfærslunni

Hefurur mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?
Ég hef farið í nokkrar, held að keiluferðin standi samt upp úr það mikið stemming og mikið fjör það kvöld

Hvernig hefur stjórnin staðið sig á þessu ári?
Mjög vel finnst mér, á hrós skilið

Hvað fékk þig til að velja þetta nám?
Ég var á viðskiptabraut þegar ég var í Verzló og fannst það bæði gaman og áhugavert þannig ég ákvað að halda bara áfram á þeirri braut

Var þetta fyrsta valið eða kom annað til greina?
Ég var á tímabili að hugsa um að fara í arkitektúr en viðskiptafræðin hafði vinninginn

Would you rather fight one horse-sized duck, or a hundred duck-sized horses?
Það yrðu að vera hundrað duck-sized hestar, ég gæfi samt mikið fyrir að sjá önd á stærð við hest en ég legði varla í að slást við hana.

Hvaða kennari er líklegastur til að vera vampíra?
Markús sem kennir bókfærslu, hef velt þessu lengi fyrir mér


Ertu til í kállinn?
Að sjálfsögðu hvers konar spurning er þetta eiginlega

Mesta goðsögn viðskiptafræðinnar?
Páll Jakobsson bjórþambari með meiriu

Hvaða stjórnarmeðlim værir þú líklegastur til að vinna í slag?
Önnu ég treysti á að hún leyfi mér að vinna

Hvaða kennara værir þú líklegastur til að vinna í slag?
Einhvern fullorðin og góðan

Ef þú mættir skipta út einum kennara fyrir dýr, hvaða kennara myndiru skipta út og hvaða dýr kæmi í staðinn?
Skipti Bolla út fyrir pöndubjörn



Herdís Einarsdóttir

Hvaða módel ertu?
91 módel

Hvað segir kállingin?
Megahress

Uppáhalds kennarinn?
Maggi páls Hann er hress

Hvernig finnst þér félagslífið hafa verið?
Allt í lagi það er búið að vanta svolítið stemminguna, Halloween bústaðarferðin og sumar vísó líka sem var ekkert í miklu uppáhaldi

Hefurur mætt í margar vísindaferðir og hver stendur uppúr og afhverju?
Já nokkrar og það var örugglega KPMG, af því að það myndaðist góð stemming þar.

Hvorni finnst þér stjórnin staðið sig á þessu ári sem er að líða?
Hún er búinn að standa sig mjög vel, það vantaði oft stemmingu hjá nemendum á vissum viðburðum

Hvað fékk þig til að velja þetta nám?
Spennandi skoðaði námskeiðin og hvað var í boði og það heillaði eiginlega mest

Var þetta fyrsta valið eða kom annað til greina?
Ætlaði altaf í hagfræðina fyrst en tók mér síðan árs frí og færðist í viðskfr.

Would you rather fight one horse-sized duck, or a hundred duck-sized horses?
One horse sized duck

Hvað kennari er sætastur?
Stjórnunarskvísan sigríður

Hvaða stjórnarmeðlimur er mest sexý?
Hólmgeir formaður

Hvaða kennara værir þú líklegust til að vinna í slag?
Birgir Rek ekki spurning

Ertu alkohólisti?
Vottur af því

Prófaðu frítt í 30 daga!



 Tónlist.is



Ný lausn til að greina upplýsingar í rauntíma

Wise Analyzer greiningartól tryggir forskot í samkeppni



Stefán Torfi Höskuldsson
Fagstjóri hjá Maritech

Maritech er sjálfstætt starfandi hugbúnaðarhús og söluaðili Microsoft Dynamics NAV á Íslandi með sérstaka áherslu á bókhald, ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar.

Wise Analyzer er lausn sem býður upp á fjölbreytta möguleika á að fylgjast með og greina upplýsingar fyrir stjórnendur í rauntíma. Um sé að ræða viðskiptagreindarumhverfi, sérhannað fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga.

Auðveldar aðgang að upplýsingum

Wise Analyzer er ætlað að auðvelda ákvarðanatöku og veita stjórnendum betri yfirsýn yfir reksturinn. Lausnin veitir mismunandi sýn á upplýsingar úr fjárhag, viðskiptamanna- og lánardrottnabókhaldi, birgðum og verkbókhaldi. Notandinn getur unnið áfram með gögnin með því að velta tölum til og frá, setja upp í gröf, vista upplýsingarnar og veita öðrum aðgang að þeim. Ekki er því lengur þörf á að skrifa út skýrslur því notandinn getur á einfaldan hátt nálgast þær upplýsingar sem hann kys, þegar honum hentar.

Lausnin gerir notendum kleift að gerast áskrifendur eða taka út skýrslur með lykiltölum rekstrarins, s.s varðandi fjárhag, rekstur, viðskiptatengsl eða mannauð. Val er um að uppfæra upplýsingarnar í rauntíma eða á ákveðnu tímabili og koma þeim áleiðis til notenda með þeim hætti sem hentar hverju sinni.

Lægri rekstrarkostnaður

Wise Analyzer er sveigjanleg og öflug lausn sem byggir á öflugum grunni og samþættingu annarra lausna sem fyrir hendi eru svo sem Microsoft Office, Microsoft SQL og Microsoft Dynamics NAV.

Ný útgáfa

Í febrúar byrjun kom út útgáfa 4.0 út af kerfinu. Útgáfan hefur verið í vinnslu í á

annað ár og margfaldar notkunarmöguleika kerfisins með því að gera notendum kleift að taka út gögn í Dynamics NAV þegar þeim hentar.

„Innleiðing á Wise greiningartóli er hagkvæm og arðsöm þar sem kerfið nýtir eldri fjárfestingar á hugbúnaði, gagnagrunnum og vélbúnaði. Viðmót Wise greiningartóls er kunnuglegt notendum og því er þjálfunarkostnaður og innleiðingartími í lágmarki,“ segir Stefán Torfi Höskuldsson fagstjóri hjá .NET lausnum Maritech.

Kynntu þér Wise Analyzer hjá Maritech.
www.maritech.is



Pú finnur Nova appið í App Store og Play Store sem Nova Iceland!

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Pú ert forstjórinn!



Höfundur:

Andrea Sigurðardóttir

Kæri viðskiptafræðinemi. Þú ert kannski búinn að ákveða hvað þú ætlar að verða þegar þú verður „stór“. Endurskoðandi, markaðssérfræðingur, fjármálaséni, framkvæmdastjóri, ráðherra... Kannski hefur þú ekki hugmynd um hvað þú vilt gera. En það skiptir ekki máli. Þú ert nú þegar í forstjórastöðu í mikilvægasta starfi lífs þíns. Til hamingju með það!

Sem viðskiptafræðinemi, lærir þú ýmislegt um stjórnun. Útskriftarefnið 2013 geta eflaust ekki talið það hversu margar SVÓT greiningar þau hafa framkvæmt síðastliðin þrjú ár. Þú lærir líka um fimm krafta samkeppnislíkan Porters, kjarnafærni, samkeppnisstefnu og stefnumótun svo fátt eitt sé nefnt. Kannski kemur þú til með að nota þetta á þeim starfsvettvangi sem þú velur þér, kannski ekki.

Sem forstjóri í mikilvægasta starfi lífs þíns ættir þú þó að íhuga hvernig þú getur nýtt þér þá þekkingu sem þú öðlast í viðskiptafræðináminu. Að ná persónulegum árangri er ekkert svo ólíkt því að ná árangri í rekstri fyrirtækis. Þú þarft að hafa

framτίðarsýn og þú þarft að setja þér markmið. Þú þarft að ákveða hvernig þú ætlar að ná þessum markmiðum. Þú þarft að hlúa vel að fjárhagnum þínum og þú þarft að markaðssetja sjálfan þig.

Þekktu eigin styrkleika og byggðu á þeim

Það er eflaust miklu auðveldara að SVÓT greina eitthvað fyrirtæki út í bæ, en að SVÓT greina sjálfan sig. Það er meira mál en þig grunar. Það muna flestir eftir áheyrnarprufunum í Idol stjörnuleitinni. Hið gríðarlega áhorf sem prufurnar fengu, má rekja til fólks sem trúir því af öllu hjarta að það getur sungið - en hefur virkilega rangt fyrir sér. Það sem færri vita, er að ómeðvitað gerumst við öll sek um þetta, þó það fari kannski minna fyrir því en hjá Idol greyjumunum.

„Most people think they know what they are good at. They are usually wrong“ skrifaði Peter F. Drucker í greininni Managing Oneself. Það þarf vart að kynna Druckerinn fyrir nokkrum viðskiptafræðinema. Til að kynna eigin styrkleikum mælir Drucker með svokallaðri feedback greiningu. Í henni felst að skrá niður allar helstu ákvarðanir sem maður tekur og hvað maður býst við að fá út úr þeim. 9 – 12 mánuðum síðar eru þessar væntingar bornar saman við

„Most people think they know what they are good at. They are usually wrong“

raunveruleikann. Með því að stunda þetta í tvö-þrjú ár, ættir þú að vera kominn með nokkuð góða mynd af því hvar styrkleikar þínir liggja.

Drucker leggur mikla áherslu á það að eyða ekki tíma og orku í að vinna með veikleikana. Einbeittu þér fyrst og fremst að styrkleikum. Eins og Drucker orðar það sjálfur: „It takes far more energy and work to improve from incompetence to

„Ef þú veist ekki hvert þú vilt fara, þá skiptir ekki máli hvaða leið þú velur“

mediocrity than it takes to improve from first-rate performance to excellence“.

Hvert viltu fara?

Ef þú veist ekki hvert þú vilt fara, þá skiptir ekki máli hvaða leið þú velur, sagði kötturinn við Lísu í Undralandi. Því er gjarnan fleygt fram að setningin „þetta reddast“ einkenni Íslendinga. Kannski reddast þetta, en þú nærð ekki árangri með þessu viðhorfi. Ef þú veist ekki hvert þú ætlar, þá skaltu búa þig undir vonbrigði með þann stað sem þú endar á.

Þú, kæri viðskiptafræðinemi, ættir að eiga með sjálfum þér stefnufund. Þú þarft ekki endilega að setja þér stefnu langt fram í tímann. Við vitum öll hvar við endum (til langs tíma lítið allavega). Íhugaðu hvar þú vilt sjá sjálfan þig eftir 5 ár. Settu þér markmið út frá þessari sýn. Þældu í því hvernig þú ætlar að ná þessum markmiðum og farðu að vinna í því strax í dag.

Þú þarft að selja þig

Þegar þetta er skrifað eru samkeppnisaðilar þínir 6.973.738.433 talsins og fjölga með hverri sekúndunni. En þar sem þú ert Íslendingur og vonandi bráðum með háskólagráðu, þá ert þú væntanlega með ágætt samkeppnisforskot á 99% samkeppnisaðila þinna. Frábært! Það skilur aðeins eftir 69.737.384 aðila. Fjöldinn allur af viðskiptafræðingum útskrifast á hverju ári. Hvernig ætlar þú að aðgreina þig frá öllu þessu fólki? Draumastarfið kemur að öllum líkindum ekki til þín, þú þarft að hafa fyrir því. Hver er þín kjarnafærni? Hvað getur stuðlað að þínu samkeppnisforskoti? Hvernig getur þú haldið því við?

Þú þarft að huga að ímynd þinni og orðspori. Þetta er sérstaklega mikilvægt á öldum upplýsingatækninnar. Hvaða spor hefur þú skilið eftir þig á veraldarvefnum? Hvað kemur ef þú googlar sjálfan þig? Gömul

vandræðaleg bloggsíða? Þú, að sýna allar þínar bestu hliðar, í athugasemdakerfinu á DV.is? Mynd af þér, á fylleríi, nöktum í baði með vinum þínum? Þetta er allt saman á ferilskránni þinni. Ferilskráin er nefnilega ekki bara þessi blaðsneppill sem þú skilar inn með atvinnuumsókninni. Í dag er ferilskráin þín út um allt, ekki síst á Google og á Facebook.

Að frammistöðumeta sjálfan sig

Það er ekki nóg að vita hvert maður ætlar og setja sér metnaðarfull markmið. Það þarf að fylgja þessu eftir og leggja hart að sér. Það er gott að staldra við endrum og sinnum og líta yfir farinn veg. En til þess að meta árangurinn þurfa að vera einhver viðmið og þau þurfa að vera mælanleg. Þessi viðmið geta verið markmiðin sem þú settir þér í upphafi. Ef þú fylgir ráðum Druckers í leit að sannleikanum um eigin styrkleika, þá getur þú notað þá aðferð til þess að meta árangurinn. Aðferðin hans er ekkert annað en frammistöðumat.

„Það er ekki nóg að vita hvert maður ætlar og setja sér metnaðarfull markmið. Það þarf að fylgja þessu eftir og leggja hart að sér“

Frammistöðumatið hjálpar þér að halda þér við efnið og gefur þér tækifæri til þess að kynna eigin styrkleikum og veikleikum.

Að lokum

Í lang flestum tilfellum ræður engin tilviljun því hver nær árangri og hver ekki. Ef þú

ert fljótandi áfram í lífinu, stefnulaust, þá er kannski kominn tími á smá naflaskoðun. Ef þú ert með allt niðrum þig sem stjórnandi í eigin lífi, hvernig heldur þú að þér gangi að stýra heilu fyrirtæki til árangurs? Það er alveg sama á hvaða sviði þig langar að ná árangri, þú þarft að hafa fyrir því. Taktu af skarið, nýttu þér það sem viðskiptafræðin hefur kennt þér og brilleraðu sem forstjóri í eigin lífi. Árangur á öðrum sviðum kemur í kjölfarið!

Sérfræðingar í námsmannabjónustu í þínu útibúi

Áður en þær hófu störf hjá Íslandsbanka stunduðu systurnar Dröfn og Bergþóra nám bæði hér heima og erlendis. Þær vita nákvæmlega hvað námsárin ganga út á.

Við lærðum okkar fag til þess að auðvelda þér að læra þitt

Hjá Íslandsbanka starfar fólk sem býr að langri reynslu af fjármálaráðgjöf og bjónustu við námsmenn. Við þekkjum reglurnar hjá LÍN, vitum hvað þarf til að framfleyta sér á stúdentaþingum og hversu mikilvægt það er að vera í góðu sambandi við bankann sinn þegar maður stundar nám erlendis.

Fjármálaviðtal fyrir námsmenn

Námsmönnum býðst að koma í fjármálaviðtal sem er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra. Þar förum við yfir stöðuna og leitum leiða til að gera fjárhagsáætlun námsáranna eins hagstæða og kostur er. Kynntu þér málið nánar á www.islandsbanki.is og pantaðu fjármálaviðtal í þínu útibúi.

Í fjármálaviðtali förum við meðal annars yfir:

- Lánshæfi og fjármögnun námsins
- Hver sé heppilegasta greiðslumiðlunin
- Fríðindi og kjör í Námsvild
- Lánafyrirgreiðslu Íslandsbanka vegna LÍN
- Sparnað vegna skólagjalda
- Heimilisbókhalda með Meniga
- Möguleika á námslokalaní

facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn

Andri á Evrópuflandri



Höfundar:

Andri Geir Hinriksson

Trausti Einarsson

Andri Geir er nafn sem margir í viðskiptafræðinni ættu að kannast við, nema kannski nýnemarnir en alla seinustu önn nam hann við Milan í skiptinámi við hinn fræga Bocconi skólann. Að fara í skiptinám er eins og flestir háskólanemar vita jafngildi þess að halda út á vit ævintýrana. Hann leyfði okkur að kynna þessu ævintýri sínu en hann var ekki einungis í Milan heldur nýtti hann tækifærið og fór á hið mesta flandur.

Milan

Ég leigði mér herbergi í íbúð með þrem ítölum sem voru virkilega hressir. Maður vaknaði klukkan 9 á morgnana við óskur úr stofunni þar sem þeir voru að spila Fifa en ég var ekki lengi að læra ítölsk blótsyrði frá þeim. Ég var í skiptinámi við Bocconi einkaskólann í Milan sem er virtasti viðskiptaskólinn á Ítalíu. Kennslan í skólanum var mjög góð og skólinn sjálfur er flottur en campusinn var samsettur af um það bil 6-7 byggingar og ásamt banka sem er í eigu skólans. Þrátt fyrir að allt var mjög flott þarna var einn og einn hlutur sem maður þessi góði skóli hefi mátt gera betur. Þessi moldríki skóli var með tölvuver með tölvum sem voru sirka tíu ára gamlar og keyrðu á Windows 2000 stýrikerfinu. Á Ítalíu eru allar umsóknir við nánast hvað sem er algjör hryllingur, að sækja um kort í banka með hjálp herbergisfélaga míns tók okkur rúmlega klukkutíma þar sem starfsmaðurinn sem afgreiddi okkur prentaði út um það bil 80 blaðsíðna eyðublað.

Maturinn í Milan klikkaði ekki og ég gleymi



seint þeim kvöldum þegar við fórum á hlaðborð í Apertivo fyrir 9 evrur og kíkja út á lífið að því loknu. Einnig hittist fólk reglulega á torginu Colonne en margir barir eru þar í kring enda það eru engin lög á Ítalíu sem banna drykkju á almannaferri svo að fólk kom gjarnan með drykki að heiman til að spara pening.

ESN

Félagslífið í skólanum er mjög öflugt en Erasmus Student Network sér um að skipuleggja atburði fyrir skiptinema. Fyrstu 3-4 vikurnar var eitthvað að gerast á hverjum einasta degi til að koma fólki saman í byrjun annarinnar. Farið var í t.d. keilu, þess vorum við vorum kynnt fyrir helstu klúbbum borgarinnar þar sem við

fengum góð tilboð á drykkjum, ferðast var til Como, Feneyja, Tuscany, Októberfest, Budapest og fleiri staða og haldið var opinn vinnbar þar sem þeim fannst sniðugt að kenna okkur að þamba vín en það kvöld endaði með ósköpum. Einnig vorum við alltaf að skipuleggja ferðir sjálf og fólk lét sig ekki vanta á San Siro til að sjá Inter og A.C. Milan spila reglulega en sá leikur sem stóð uppúr var einmitt Milan grannaslagurinn. Völlurinn var troðfullur þar sem 80 þúsund manns létu vel í sér heyra og hef ég aldrei heyrt jafn mikinn hávaða á ævi minni þar sem Ítalir eru þekktir fyrir að missa sig aðeins á vellinum.

Það sem ég sé mest eftir var einfaldlega að hafa ekki náð að ferðast meira en það



voru margir staðir í Evrópu sem ég vildi ferðast til en hafði ekki tíma í það. Einnig var sárt að missa af Afríkureisu sem vinir mínir fóru í og ég hefði svo hjartanlega villjað taka þátt í. Ég naut skiptinámsins samt og hitti fólk sem kom að allstaðar úr heiminum og vonast til að geta hitt sem flesta aftur. Skólinn var virkilega góður og það var nánast alltaf eitthvað að gera í Milan. Ég myndi eindregið mæla með því að nýta sem mest af valinu í skiptinám og þurfa því ekki að þæla í því hvaða áfanga þarf að taka en eitt það erfiðasta við að fara í skiptinám er að velja sambærilega áfanga milli skóla. Það sem stóð upp úr í ferðinni var klárlega Októberfestferðin og góðar kvöldstundir í Milan en þetta er eitthvað sem allir verða að upplifa en ég leit á þetta sem tækifæri sem ég fengi kannski aldrei aftur.

Októberfest ferðin til Munchen.

Við stóðum úti grenjandi rigningu á Októberfest í Munchen. Það var troðfullt í öllum tjöldunum enda var laugardagskvöld og það hjálpaði ekki að þetta var ítalahelgi þar sem allir Ítalir fara á Októberfest á sama tíma. Það virtist vera algjörlega vonlaust að komast inni tjald á þessum tíma. Annaðhvort voru alltof langar bíðraðir eða aðeins stelpum var hleypt inn. Við ákváðum því að fara í Paulaner tjaldið þar

sem röðin var sem lengst og reyndum að fara framhá röðinni að inngangnum en þegar þangað var komið kom ungt par út sem vantaði þrjá í viðbót til að geta fengið borð sem var laust. Þetta var ansi heppilegt þar sem við vorum þrír og komumst við því inn strax með parinu og kunningjum þeirra. Rúmlega 8000 manns voru saman komnir í tjaldinu og stemmingin var gríðaleg enda var live band var á staðnum og nánast allir voru að klappa eða syngja með. Ég gleymi því aldrei þegar bandið tók Seven Nation Army og allir í tjaldinu tóku undir og maður upplifði stemmingu sem var engri lík. Menn voru ekki lengi að panta sér líter af ferskri Paulaner Októberfestblöndu og njóta lífsins í öllu þessu rugli. Ég hafði komið til Munchen kl 9 um morguninn eftir rúmlega tíu tíma rútuferð þar sem loftræstingin bilaði í rútnni og var nánast ólíft þarna inni. Um það bil 200 nemendur frá Bocconi voru mættir á svæðið en þrátt fyrir lítinn svefn var spennan í hámarki. Við vorum nokkur saman sem ákváðum að slíta okkur strax frá hópnum til að reyna komast í tjald sem fyrst áður en allt fylltist. Eftir að hafa skoðað svæðið og séð fólk á ölvunarstigi sem er nánast ógerlegt kl 10 um morgun enduðum við í Hofbrauhaus tjaldinu þar sem við komumst beint inn en u.p.b. korter. Seinna voru líklega um 50-100 manns enn að bíða fyrir utan. Það



fyrsta sem við sáum í tjaldinu var ungur maður sem stóð upp og byrjaði að þamba bjórinn sinn og virtust allir í salnum missa sig, stóðu upp og klöppuðu fyrir manninum sem kláraði bjórinn og mikil fagnaðarlæti brutust út. Ég komst af því seinna að ef bjórinn klárast ekki í þambinu uppsker maður þú í staðinn. Við enduðum á því að finna borð í bjórgarðinum þar sem við skemmtum okkur fram eftir degi þangað til að ég ákvað að fara hitta íslenska félaga mína sem voru mættir á svæðið. Ég kom mér út af Hofbrauhaus tjaldsvæðinu og gerði ég ráð fyrir að auðvelt væri að finna víni mína, en komst af því að Októberfestsvæðið var mun stærra en ég hafði gert mér grein fyrir. Allt var troðfullt af fólki, byrjað var að hellirigna og ekki var bjórinn að hjálpa til. Þetta reddaðist þó allt á endanum þar sem ég fann þá eftir langa leit.

Ferðalög

Við vorum tíu saman sem fórum saman til Barcelona eina helgi í september og nýttum tækifærið meðan veðrið var enn gott. Í neðanjarðarlestinni fann ég mann ýta sér upp að mér en þegar ég lít til hliðar sá ég hann taka vegabréfið mitt lúmskt uppúr vasanum mínum og var ég ekki lengi að rífa það aftur frá honum og hjólp hann beint út úr lestinni. Aðrir í ferðinni



voru ekki jafn heppnir og ég en fjórar stelpur sem voru með okkur voru rændar yfir eina helgi í Barcelona. Það var nóg að geras, t;eitthvað festival og Herbalife ráðstefna áttu sér stað yfir þessa helgi. Ég hef aldrei séð annað eins en alls konar fólk með Herbalife flúr, skóreimar, fatnað og merkingar á bilunum sínum. Herbalife var einfaldlega útum allt. Við notuðum helgina í að fara og skoða alla borgina, skelltum okkur á fótþoltaleik með Barcelona og Granada á Nou Camp með Messi og félagum, kíktum á ströndina og enduðum síðan á klúbbunum við ströndina á kvöldin. Þar sem Milan er með þrjá flugvelli er mjög auðvelt að redda ódýru flugi til flestra áfangastaða í Evrópu og við reyndum að nýta það eins og við gátum. Oft var lagt af stað á fimmtudegi í helgarferðir en ég fór meðal annars til Amsterdam, Finnlands, Þýskalands, Sviss, Austurríkis, Slóveníu, Budapest auk ferða innan Ítalíu en þar stóð uppúr ferð til Tuscany þar sem við skoðuðum skakka turninn í Pisa, fórum í vinsmökkun í Siena og eyddum tveim dögum í Florence. Í ágúst ákvað ég að fara með nokkrum öðrum skiptinimum sem voru einnig mættir til Ítalíu áður en skólinn byrjaði á „A Perfect Day festival“ í Verona þar sem The Killers spiluðu í gömlum yfirgefnum kastala ásamt öðrum hljómsveitum. Rosaleg stemming myndaðist á svæðinu.



Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga... fyrir þig!



Birgi Guðjónsson

Formann Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga (KVH)

Þegar nýútskrifaður viðskiptafræðingur eða hagfræðingur ræður sig til starfa á vinnumarkaði er margs að gæta. Þá vakna fyrir alvöru spurningar um laun og ráðningarkjör, réttindi og skyldur. Um það er einmitt samið í kjarasamningum, auk þess sem margvísleg lög og reglur snerta vinnumarkaðinn. En skiptir máli hvaða stéttarfélag er valið þegar viðskiptafræðingur hefur störf á vinnumarkaðinum eftir langt og strangt nám?

Við spyrjum Birgi Guðjónsson, formann Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga (KVH) að því:

„Já, það skiptir máli. Viðskiptafræðingar og hagfræðingar stofnuðu stéttarfélag til að gæta hagsmuna sinna og berjast fyrir bættum kjörum. Þetta félag, sem á uppruna sinn að rekja til Hagfræðingafélags Íslands (1938) er eitt að fjölmörgum stéttarfélögum innan vébanda BHM, sem eru samtök 25 stéttarféлага háskólamenntaðs fólks. Megin viðfangsefni félagsins okkar, KVH, er að sjálfsögðu sá að semja við vinnuveitendur um kaup, kjör og margvísleg réttindi sem sannarlega skipta okkur viðskipta- og hagfræðinga máli.“

„Við gerum kjarasamninga fyrir hönd okkar félagsmanna við ríkið, sveitarfélög og Samtök atvinnulífsins. Að auki gerum við stofnanasamninga við einstaka ríkisstofnanir. Í þessum samningum er m.a. kveðið á um launakjör,

bæði röðun starfa til grunnlauna og einstaklingsbundinn framgang, svo sem vegna aukinnar menntunar, ábyrgðar, álags eða frammistöðu, svo dæmi sé tekið. Þá aðstoðum við þá viðskiptafræðinga, félagsmenn okkar, sem ráða sig í vinnu hjá fyrirtækjum á almenna vinnumarkaðinum við að gera einstaklingsbundna ráðningasamninga sem kveða á um laun og kjör.“

Hvaða hagur annar er af því að vera félagsmaður í KVH og þar með BHM ?

„Fyrir utan kjarasamninga og ráðningarsamninga, þá hefur KVH samið við vinnuveitendur um að greiða til ýmissa sjóða sem koma félagsmönnum að gagni svo sem starfsmenntunarsjóðs, vísindasjóðs, orlofsjóðs, sjúkra- og styrktarsjóðs auk starfsþróunarseturs.“ (Innsk: sjá hér nánar á næstu síðu) „Síðan má ekki gleyma þeirri þjónustu sem felst í hvers konar aðstoð og leiðbeiningum til félagsmanna vegna spurninga um laun og réttindi, lögfræðilegar aðstoðar ef brotið er á starfsmönnum á vinnustað, aðstoð vegna samskiptavandamála á vinnustað, vegna ólögmeðra uppsagna og margt fleira.“

Hverjir geta verið félagsmenn KVH ?

„Það eru þeir sem hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði og uppfylla þannig lagaskilyrði að mega kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. En auk þess ber að nefna að námsmenn geta sótt um sérstaka aðild að félaginu og

sú námsmannaaðild getur staðið í fjögur ár.“ „Má ég bæta því við í lokin“ segir Birgir „að með því að ganga í Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, og þar með að eiga aðild að Bandalagi háskólamanna, er nýútskrifaður viðskiptafræðingur að leggja sitt af mörkum og taka undir sameiginlega kröfu háskólamanna að menntun þeirra, þekking og reynsla sé metin að verðleikum til launa.“



Starfsmenntunarsjóður

Allir félagsmenn KVH í opinberri þjónustu eru sjálfkrafa aðilar að sjóðnum. Félagsmenn á almennum vinnumarkaði verða að óska eftir því að vinnuveitandi greiði í sjóðinn. Sjóðurinn styrkir m.a.: Nám í háskóla sem tengist starfssviði, útlagðan kostnað vegna ferða, gistingu og útgjöld við að sækja ráðstefnur og fleira.

Starfsþróunarsetur

KVH er aðili að starfsþróunarsetri háskólamanna sem starfa hjá ríkinu. Setrinu er ætlað að hvetja stofnanir til að styðja starfsmenn til að auka og nýta þekkingu sína í starfi, bæta við og/eða endurnýja menntun sína og veita þeim tækifæri til að þróa faglega hæfni og viðhalda þannig verðgildi sínu á vinnumarkaði.

Vísindasjóður

Aðild að honum eiga allir félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögum og þeir starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem hafa samið við vinnuveitanda sinn um framlag í sjóðinn. Sjóðurinn greiðir árlega út framlag til félagsmanna.

Orlofshús og orlofskostir

Orlofssjóður BHM býður félagsmönnum KVH mikið úrval orlofshúsa, m.a. í Brekkuskógi sem er aðal orlofshúsasvæði BHM. Að auki er boðið uppá orlofshús og íbúðir í öllum landshlutum og einnig erlendis! Þá gefst kostur á að kaupa á afsláttarkjörum Veiðikortið, útilegukort fyrir tjaldstæði, ásamt hótलगistingu víðs vegar um landið.

Styrkar- og sjúkrasjóðir

Styrktarsjóður er fyrir þá félagsmenn sem vinna hjá opinberum fyrirtækjum, en sjúkrasjóður fyrir þá sem vinna á almenna vinnumarkaðinum. Þessir sjóðir veita margvíslegan fjárhagsstuðning til félagsmanna, meðal annars vegna: Ýmiss konar meðferðar, svo sem sjúkrahjálfun, sjúkranudd, sálfræðiaðstoð, hjúkrunarmeðferð, næringarráðgjöf, meðferð hjá kiropraktor, að ógleymdum styrkjum til líkamsræktar, gleraugnakaupa, kostnaðar vegna augnaðgerða, meiriháttar tannviðgerða, krabbameinsleitar, meðferðar á glasafrjövgunardeild,

heyrnartækja, meðferðar vegna starfstengdra áfalla eða óvæntra starfsloka, dvalar vegna endurhæfingar á heilsustofnun, áhættumats hjá Hjartavernd, ferða í lækningaskyni eða vegna veikinda sjóðsfélga, maka þeirra eða barna, mikilla og óvæntra útgjalda vegna annarra heilbrigðisvandamála.

Nánari upplýsingar á vefsíðu BHM: www.bhm.is

Skrifstofa KVH – Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga er að Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Sími: 595 5140
Netfang: kvh@bhm.is
Framkvæmdastjóri KVH er Hallur Páll Jónsson (hallur@bhm.is)



KPMG
cutting through complexity

Eigum við samleið?

Hjá KPMG á Íslandi starfa um 240 sérfræðingar og meirihluti þeirra eru viðskiptafræðingar. Þessir sérfræðingar sinna margvíslegum verkefnum m.a. á sviði endurskoðunar og fyrirtækjaráðgjafar.

Langar þig að slást í hópinn?

kpmg.is

Soffía Theódóra - stofnandi Nordic Style



Höfundur:

Dagný Lára
Guðmundsdóttir

Ég sit í Stúdentakjallaranum og sé glæsilega unga konu ganga til mín, tekur ákveðið í hendina á mér og fær sér sæti. Ég sé um leið að þarna er kjarnakona á ferð sem er klárlega með stílinn á hreinu og tiskuna á tæru.

Hvað ertu menntuð?

„Ég útskrifaðist með B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2006. Áður en ég hélt áfram í meira nám vann ég hjá Straumi-Burðarási sem sérfræðingur í fjárstýringu. Leiðin lá svo í meistaranám í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og stefnumótun sem var mjög gagnlegt og skemmtilegt nám. Á meðan ég lærði viðskiptafræðina tók ég mjög virkan þátt í félagslífi Mágusar. Ég stofnaði Mágusartíðindi árið 2004 ásamt því að vera alþjóðafulltrúi Mágusar og formaður NESU. Ári síðar var ég formaður Mágusar, ritstjóri annarrar útgáfu Mágusartíðinda ásamt því að vera formaður Stúdentasjóðs.

Mig hafði lengi langað til að læra

tískumarkaðsstjórnun en í janúar á síðasta ári lét ég drauminn rætast og hélt út í nám til New York og útskrifaðist í desember. Þetta nám ásamt viðskiptafræðinni var góður grunnur sem hefur komið að góðum notum fyrir útgáfu Nordic Style Magazine.“

Hvað kom til að þú stofnaðir Mágusartíðindi?

„Ég var mjög virk í Mágusi en það að endurvefja Mágusartíðindi byrjaði með því að við í stjórn Mágusar árið 2004 vorum að taka til á þáverandi skrifstofu Mágusar sem nú er búið að rífa, en hún var rétt hjá VR byggingunum. Við höfðum gríðarlegan áhuga á félaginu og sökkum okkur ofan í allar heimildirnar sem við sáum á skrifstofunni, myndir, bækur og blöð og fundum nokkurra ára gamla bæklinga sem báru heitið Mágusarfréttir. Það var þá nokkurra blaðsíðna bæklingur með fréttum úr félagslífinu sem gerður var úr A4 blöðum brotnum saman og heftuð. Ég og Sæunn Björk Þorkelsdóttir, kynningarfulltrúi Mágusar ákváðum að endurvefja þessa hefð með aðeins meiri viðhöfn og úr urðu Mágusartíðindi sem við vorum og erum mjög stoltar af. Við réðum uppsetjara, auglýstum eftir fólki í ritstjórn, fengum auglýsingar og prentuðum blaðið. Þetta ferli var mjög mikil vinna en alveg ótrúlega skemmtileg. Þessi reynsla af Mágusartíðindum jók án efa sjálfstraustið sem þurfti til þess að stofna Nordic Style Magazine.“

Hvernig fékkstu hugmyndina að því að stofna norrænt tisku- og hönnunartímarit?

„Mig hefur alltaf langað til að vinna við tiskutímarit. Ég hef líka alltaf haft brennandi áhuga á tisku og hönnun og mig langaði til þess að vinna í þessum geira en hann er svo lítill hérna heima og úti eru svo ótrúlega margir að keppast um stöður. Sjálf hafði ég nánast enga reynslu innan tiskubransans og því hefði það reynst erfitt að fá starf á því sviði í New York eftir námið. Ég vildi heldur ekki fara að þjóna einhverju fólki; ég vissi hvað ég kunni og ég vissi hvað ég gat, þannig að ég bara

„Ég vildi heldur ekki fara að þjóna einhverju fólki; ég vissi hvað ég kunni og ég vissi hvað ég gat, þannig að ég bara ákvað að skapa mér mín eigin tækifæri í stað þess að bíða eftir því að einhver annar gæfi mér tækifæri.“

ákvað að skapa mér mín eigin tækifæri í stað þess að bíða eftir því að einhver annar gæfi mér tækifæri.

Þegar ég hóf nám í tiskumarkaðsstjórnun kom snemma upp sú hugmynd að eftir námið myndi ég koma á fót tímariti enda þekkti ég ágætlega ferlið frá því að ég hafði stofnað Mágusartíðindi. Á meðan ég var við nám í New York velti ég alls konar hugmyndum fyrir mér um hvernig ég gæti útfært hugmyndina mína að tisku- og hönnunartímariti. Eftir miklar vangaveltur fékk ég þessa hugmynd með sænskri vinkonu minni, Emily Turner, sem var með mér í náminu. Okkur fannst þetta vera fullkomið þema því úti í New York er svo mikill áhugi fyrir nýjungum og norræn hönnun er mjög heit í dag auk þess sem skandinavískir hönnuðir hafa mjög mikinn áhuga á að koma hönnun sinni á framfæri í New York.“

Hvernig var tilfinningin að gefa út fyrsta tímaritið af Nordic Style Magazine?

„Fyrsta tímaritið kom út 3. desember


á síðasta ári. Ég kepptist við að klára blaðið meðfram náminu í New York, það var mjög strembið en jafnframt eitt það skemmtilegasta sem ég hafði gert í mjög langan tíma. Fólkið sem vann að fyrsta blaðinu með mér var staðsett í sjö löndum með allt upp í 7 tíma tímamismun sem auðveldaði ekki vinnuna. Þetta þurfti að vera „pro“ frá byrjun til þess að fólk hefði trú á þessu. Með útgáfu blaðsins fékk ég líka loksins tækifæri til þess að sýna hve mikinn áhuga ég hef á tisku og hönnun og hversu mikla trú ég hefði á viðfangsefninu. Viðtökurnar hafa líka verið vægast sagt frábærar sem ég gleðst mjög yfir. Blaðið er lesið út um allan heim en það er mestur lestur á Norðurlöndunum, Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi.“

Hvernig vinnurðu hvert blað?

„Eins og stendur er enn mjög mikið í mínum höndum en ég er mjög meðvituð um að ég get ekki gert allt ein og er því að vinna að því að finna gott fólk sem getur séð um ákveðin verkefni. Ég hef verið mjög heppin með það fólk sem hefur lagt blaðinu lið því það er allt mjög fagmannlegt og metnaðarfullt. Sumir hafa komið til mín að fyrra bragði með verkefni en aðra hef ég haft samband við sjálf. Ég gef blaðamönnunum og ljósmyndurum að miklu leyti lausan tauminn og þau koma oft með tillögur að viðfangsefnum en þó þarf sem dæmi hver tiskuþáttur í tímaritinu að standast ákveðnar kröfur sem tengjast áherslu blaðsins. Það kemur eiginlega á óvart hve auðvelt það er að búa til tímarit og vinna að langmestu leyti með fólki yfir netið.“

Varðandi innihald blaðsins, reynirðu að hafa jafnvægi á milli allra norrænu landanna?

„Ég geri mitt besta til þess að hafa jafna umfjöllun á milli landanna enda hefur það mjög mikil áhrif á lesturinn hvernig jafnvægið er. Það er líka mjög mikilvægt að þeir aðilar sem koma að vinnu blaðsins séu alls staðar að af Norðurlöndunum og það vantar upp á það jafnvægi einmitt núna en stendur vonandi til bóta á næstu



Soffía Theódóra - stofnandi Nordic Style Magazine

- ritstjóri og stofnandi Nordic Style Magazine (www.nordicstylemag.com)

- stofnandi Mágusartíðinda.

mánuðum. En ég er búin að afla mér tengiliða viðsvegar á Norðurlöndunum og sem ritstýra Nordic Style Magazine fór ég á tiskuvíkuna í Kaupmannahöfn núna í janúar og kynntist þar fullt af fólki. Þannig að þetta er allt í vinnslu. “

Var einhver ástæða fyrir því að þú vildir ekki einblína eingöngu á tisku heldur hönnun líka?

„Við vildum ekki að tímaritið yrði hefðbundið tiskutímarit heldur vildum við leggja áherslu á að koma á framfæri hæfileikafólki innan



skapandi greina, fólki sem upprunalega er frá Norðurlöndunum. Hvort sem þau eru að vinna við hönnun, tísku, listir eða menningartengda viðburði.“

Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?

„Stefnan er að halda áfram að gefa tímaritið út á tveggja mánaða fresti og að mynda fast teymi sem vinnur að blaðinu og minnka veltu þeirra aðila sem koma að blaðinu. Það eru ýmis tækifæri sem við getum nýtt okkur til að víkka út hugmyndina bakvið blaðið. Í náinni framtíð mun tímaritið vonandi verða aðgengilegt sem „app“ fyrir spjaldtölvur og snjallsíma. Það væri líka óskandi að gefa blaðið út bæði rafrænt og á prenti.“

Ætlaðirðu alltaf að verða þinn eigin herra?

„Já“, segir Soffía ákveðin og brosir í kampinn.

Mágusartíðindi óska Soffíu Theódóru til hamingju með nýja tímaritið og óska henni góðs gengis í framtíðinni. Hér er augljóslega á ferðinni metnaðarfull kona á framabroti sem við munum fylgjast vel með...



Félagslífið



Höfundur:

Valdimar Már Pétursson

Félagslífið var frábært þennan vetur. Flesta föstudaga hefur verið viðburður á vegum Mágusar nema í próftíðinni og jólafríinu. Stjórnin í ár hefur staðið sig mjög vel í að gleðja nemendur. Stjórnin hefur staðið sig mjög vel í að halda félagslífinu fjölbreyttu og skemmtilegu. Ég vil einnig þakka lifrini sem heldur okkur lifandi eftir harða drykkju.

Nýnemaferð

Fyrsti viðburður skólaársins var hin árlega nýnemaferð. Eftir stutta kynningu á Náminu voru nýnemarnir sendir í rútm á Kjalarnesið. Þegar á áfangastaðinn var mætt var farið í ýmsa leiki, farið var í pub quiz, ákveðinn spila leik og margt fleira. Ekki má þó gleyma bjórnum og bollunni sem kom öllum í gírinn. Einnig fengu svangir nýnema grillaðar pylsur.



Hauptarty Mágusar

Núna var félagslífið komið í gang og fengu nýnema að kynna 2. og 3. árs nemum. Kvöldið byrjaði á áfengis lausri ferð í Dale Carnegie þar sem farið var yfir stjórnunar aðferðir. Þegar mætt var á staðinn var voru allir fljótir að næla sér í bjór eða bolla. Farið var í nokkra drykkjuleiki og einnig var keppt í beer-Pong. Lukkuhjóli Mágusar gladdi marga og sumir unnu svo mikið að þeir hafa muna hreinlega ekki eftir því #dauðir #konunglegskemmtun

Októberfest SHÍ

Bjór, bjór og meiri bjór. Stóra tjaldið var reist fyrir framan háskólann og svo hófst drykkjan. Margar hljómsveitir stígu á svið og skemmtu háskólanemendum.



Haustfögnuður NESU

Á þessu kvöldi fengu félagsmenn Mágusar a kynna síðum og venjum NESU! Það var farið all-in og hvert skipti e-h regla var brotin þurfti einhver að drekka btw það eru mjög margar reglur. Það var sungið margskonar lög á íslensku, ensku og finnsku.

Halloween party

Salurinn var skreyttur í anda kvöldsins og skapaði góða ógnvekjandi stemmingu. Það var einnig Beer-Pong mót sem hélt keppnis andanum á lofti. Þegar leið á kvöldið var lítið mál að koma sér í bæjinn þar sem salurinn var í miðbænum.

Próflokaparty / Heimsendir

Eftir nokkur erfið próf var drukkið til að fagna og til að gleyma. Mágus, Anima og Curator héldu í sameiningu uppá





heimsendi (21.des) á Norðurljónum. Jólaveinninn kom í heimsókn og fengu ýmsir gestir að skella sér í kjöltuna hans. Að lokum fór manskapurinn með rútu niðri bæ og hélt áfram að fagna.

KPMG

Eftir stutta og kynningu um húsnæði fyrirtækisins var förninni heitið inni veislusalinn þar sem risa stórt hlaðborð með frábærum mat. Þar sem er góður matur er einnig vín og KPMG var með rauðvín, hvítvín og helling af bjór. Af öllum vísindaferðum sem Mágus fór í þá er KPMG með bestu veitingarnar á þessu skólaári.

Ölgerðin

Það kemur engum á óvart en í þessari ferð var drukkið mikið af bjór. Við fengum einnig Jager-skot og Gin & tonic. Við fórum í skemmtilegt pub-quiz sem reyndi vel á ölvaða heila. Við fengum skemmtilega kynningu/gönguferð um ölgerðina og lærðum gróflega hvernig bjórinn sem við drekkum er búinn til.

Landsvirkjun

Hér var konungleg skemmtun á ferð. Eftir stutta kynningu og fabrikku borgara var farið í FIFA 12. Þótt það hafi verið fámennnt þá var góðmennt. Við fengum smá nesti með okkur í bæinn, þetta nesti var ein



hvítvins belja. Þegar ekki náðist að hella víninu úr beljunni í lokin var vín pokinn tekinn úr kassanum. Þegar við stigum úr rúttunni þá fórum við að gefa gangandi vegfarendum og túristum vnið „would you like some good shit“ og auðvitað sagði túristinn já og fékk sér sopa úr silfur lituðum poka. Eftir þessa skemmtun fundum við kárióki og sungum fram á nótt.


KVH

Þegar við útskrifumst þá ætlum við öll á fá góð kjör og þökk sé Kjarafélagi viðskipta og hagfræðinga þá vitum við þau. Þeir buðu uppá lúxus mat: sushi, osta, ávexti, vín og bjór. Þegar allir höfðu fræðst um góð kjör og skemmt sér var farið niðri bæ.

Á döfinni

Ekki má gleyma að það er hellingur eftir af góðri skemmtun í náinni framtíð. Útgáfupartý Mágusartíðinda, Árhátíðin þar sem það verður masquerade þema, aðalfundur og margt fleira.





Viðskiptamaður ársins 2011



Eyjólfur Árni Rafnsson

Höfundur:

Valdimar Már Pétursson

Eyjólfur Árni Rafnsson er forstjóri hjá Mannvit. Hann er fæddur í vestur skaftafellssýsla og flutti í bæinn 16 ára. Hann lærði húsasmíði síðan fór hann í Tækniskólann. Þegar hann hafði lokið þeirri menntun þá ákvað hann að fara til Bandaríkjana þar sem hann fékk meistaragráðu í jarðtækni og tók síðan doktorinn í University of Missouri of Rolla. Eyjólfur kenndi einnig í Jarðtækni í grundun í HÍ. Hann á stóra fjölskyldu: Giftur, á fjóra stráka og fimm barnabörn. Hann fór að vinna hjá fyrirtækinu Hönnun sem fór í gegnum sameiningu við önnur tvö fyrirtæki og þau þrjú bjuggu til Mannvit.

Af hverju fórstu á þessa námsbraut?
Eftir Húsasmíði þá vildi ég fara í tækni nám svo verkfræði. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á raungreinum. Þessi menntun tók sinn tíma en ég stundaði nám frá 1980 til 1991.

Hvernig fannst þér námið undirbúa þig fyrir atvinnulífið?
„Allt nám er styrkur, allt nám skilar ákveðnum þroska og undirbýr mann fyrir

atvinnu lífið“ Það er einnig gott að skipta um umhverfi og fara í framhaldsnám í útlöndum. Það lætur okkur sjá landið í öðru ljósi.

Hvað er skemmtilegast við starfið?

„Það er allt skemmtilegt“. Það er gaman að fá að vinna með ungu fólki. Einnig hefur verið frábært að vera partur af því að skapa Mannvit.

Hvernig er venjulegur dagur hjá þér í starfinu?

Enginn dagur er venjulegur hjá mér. Þeir byrja þó oftast kl 8 nema að maður skelli sér í ræktina á morgnana. Svo eru nokkrir fundir, leysi ýmis verkefni og plönunum framtíð Mannvits. Vinnudagurinn endar oftast á milli 16.00 og 19.00 en það kemur fyrir að sumir dagar verða aðeins lengri vegna verkefni.

Hvað starfa margir hjá ykkur?

Það eru ca 400 mans hjá okkur og af þeim eru fimm menntaðir viðskiptafræðingar. Við erum einnig með sex dótturfélög.

Hver er möguleikinn á starfsþróun?

Framtíðin hjá hverjum starfsmanni er mjög mismunandi. Sumir vilja verða verkefnastjórar, aðrir vilja verða stjórnendur og sumir vilja verða betri sérfræðingar á sínu sviði. Það fer mjög mikið eftir markmiðum hvers og eins.

Hvenær var Mannvit stofnað?

Það var stofnað 7. Mars 1963 og í ár höldum við uppá 50 ára afmælið okkar. Við höfum verið með sömu kennitölu frá því að við byrjuðum

Hvernig metur þú stöðu Mannvits í dag?

Hún er mjög góð hjá okkur en við viljum gera betur og ná lengra í atvinnulífinu.

Er mannvit að íhuga að skrá sig í kauphöllina?

Já og nei. Félagið er í eigu starfsmanna og við viljum halda því þannig aðeins lengur.

Hvað ertu búinn að starfa lengi hjá Mannvit?

Byrjaði 1. Apríl 1984 en á þeim tíma hét það Hönnun. Semsagt 29 ár.

Hvar sérðu þig vera eftir 5 ár?

Ekki í þessu starfi, maður þarf að leyfa öðrum að fá völdin. Gæti þó séð mig vera að vinna í tengslum við Mannvit.

Er mannvit með sumarstörf fyrir háskólanema?

Já við höfum mikinn áhuga á að fá háskólanema til okkar í ýmis þróunarverkefni. Á síðasta ári fengum við 30 manns í sumarvinnu. Það er hægt að sækja um vinnu á heimasíðunni okkar mannvit.is

Hver var veltan hjá ykkur í fyrra?

Veltan var 4,6 milljarðar og hagnaðurinn hjá okkur var ca. 400 milljónir.

Hver er stefna fyrirtækisins?

Við viljum halda áfram að vaxa. Einnig höfum við markmið um að hafa tvöfalda fyrirtækið fyrir árið 2015 með því að stækka reksturinn erlendis. Við erum líka með góð gildi hjá okkur: Traust, viðsýni, þekking og gleði

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn?

Ísköld mjólk

Hver eru áhugamálin þín fyrir utan vinnuna?

Fer nokkrum sinnum á ári á hestbak, gönguferðir, stangveiði og allskonar ferðalög

Góð ráð til nemenda?

„Lærðu það sem þig langar að læra, gott nám mun alltaf styrkja þig“

Annað sem þig langar að koma á framfæri?

Ísland er land tækifæranna.



MANNVIT

VEITINGA- OG SKEMMTIÐAÐUR STÚDENTA

studentakjallarinn.is
Háskólatorg Sæmundargötu 4

DON'T LET
schooling interfere with your
EDUCATION

Mark Twain

STÚDEN
TAKJAL
LARINN

What happens at NESU, stays at NESU



Höfundur:

Hrafnhildur Ýr
Benediksdóttir

Formaður NESU á Íslandi 2012-2013



Klukkan nálgast 4 um nótt, ég ligg vakandi í rúminu og stari út í myrkrið. Spennin er svo mikill að ég er vöknuð langt á undan klukkunni. Ég ligg og hlusta á sekúnduvísirinn tikka og bíð eftir að hún hringi, eitthvað sem gerist aldrei í mínu tilvik. Í dag er ég á leiðinni til Eistlands í mína sjöundu ferð á NESU ráðstefnu og þá fyrstu sem verður haldin í Eistlandi.

Hérna stoppa sennilega margir og spyrja sig hvað NESU sé og hvað NESU ráðstefna sé og það skal ég segja ykkur. NESU er ópólitískt hagsmunafélag viðskipta- og hagfræðinema á Norðurlöndunum og stendur NESU fyrir Nordiska Ekonomie Studerandes Union. Félagið var stofnað árið 1947 og varð það því 65 ára á síðasta ári. Allir nemendur sem stunda nám á háskólastigi í viðskipta- eða hagfræði á Norðurlöndunum og í Eistlandi eiga rétt á að taka þátt í starfi NESU sem hefur það að markmiði að koma viðskiptafræðinemum

á Norðurlöndum saman svo þeir geti kynnst, fræðst og skemmt sér saman. Allt síðan NESU var stofnað hefur félagið starfað við að styrkja tengsl og samskipti milli viðskipta- og hagfræðinema á Norðurlöndunum. Eistland gekk í félagið árið 2010 og fer það sístækkandi þar í landi.

NESU hefur það að markmiði að láta þátttakendur sína kynnst öðrum viðskipta- og hagfræðinemum á Norðurlöndum ásamt því að fræðast um hin Norðurlöndin, menningu þeirra og fyrirtæki. NESU nær þessu takmarki með því að halda ráðstefnur, fyrirlestraraðir, skemmtanir og sitsit partý. Af viðskipta- og hagfræðiskólum á Íslandi er NESU einungis virkt í Háskóla Íslands en aðrir háskólar hafa nú í vetur sýnt mikinn áhuga á starfssemi NESU og taka þeir því vonandi þátt í starfsemi á næstu árum. Starfsemi félagsins er reyndar ekki mjög mikil hér á landi en Mágus

hefur eitt kvöld tileinkað NESU á hverju skólaári og svo fara meðlimir á ráðstefnur erlendis og halda ráðstefnur hérna heima. Af Norðurlöndunum er NESU virkast í Finnlandi en félagið sér þar um alla viðburði viðskipta- og hagfræðinema hvort sem það eru partý, menningartengdir viðburðir, fundir, fyrirlestrar eða annað. NESU býður meðlimum sínum góða leið til að kynnst Norrænu viðskiptalífi og efla tengslanet sitt.

Norðurlandasamstarf NESU byggist aðallega á ráðstefnum sem haldnar eru tvisvar á ári og skiptast skólarnir á að skipuleggja ráðstefnurnar sem eru alltaf um vikulangar. Þær eru haldnar ein á haustin og ein á vorin og eru yfirleitt um 60-80 manns sem taka þátt í hverri ráðstefnu. Ráðstefnurnar spila virkilega mikilvægt hlutverk í að sameina Norrænu þjóðirnar og í að efla tengsl og samstarf á milli Norræna viðskipta- og hagfræðinema. Hver ráðstefna er byggð

upp á ákveðnu þema og er dagskrá vikunnar miðuð út frá þemanu hverju sinni. Þemað er valið af skipuleggjendum hvers ráðstefnu og tengjast þau öll viðskipta- og hagfræðinami að einhverju leiti. Reynt er að viðhalda gömlum hefðum og venjum í því hvernig vikan er skipulögð svo NESU-andinn haldist lífandi. Fróðlegir fyrirlestrar, heimsóknir í fyrirtæki, vinnustofur og skipulögð skemmtidagskrá á kvöldin er NESU-ráðstefna í hnotskurn. Kvölddagskráin gefur þátttakendum ráðstefnunnar tækifæri á að kynnst enn betur og skapa frábærar minningar til að taka með sér heim. Dæmi um viðburði á kvölddagskrá eru til dæmis ratleikir, karóki, laser tag, spilakvöld, bíókvöld, sumarþústaðarpartý, kokteilar með fyrirtækjum, pöbbarölt, sérstök norræn sitsit partý og svo endar vikan alltaf á galakvöldi þar sem allir klæðast sínu finasta þússi og fagna góðri viku. Stemningin sem myndast á þessum ráðstefnum er engu lík og er NESU ráðstefna eitthvað sem allir viðskipta- og hagfræðinemar ættu að upplifa allavega einu sinni. Hver dagur er engum öðrum líkur og á hverri ráðstefnu lærir maður eitthvað nýtt og upplifir eitthvað nýtt.

Við erum fjögur sem förum frá Háskóla Íslands til Eistlands núna, en vonumst til að fá fleiri með okkur í næstu ferð sem haldin verður í Waasa, Finnlandi fyrstu vikuna í nóvember næstkomandi. Eftir þessa viku, sem senn er að hefjast hjá mér, mun ég eflaust hafa kynnst fullt af nýju fólki, séð nýja hluti, lært nýja hluti og hafa tonn af ferðasögum sem gaman væri að deila, en það er þó ekki í boði. Í NESU er ein góð og gild regla sem allir fara eftir sama hvað: What happens at a conference stays at the conference!

Komdu með okkur í næstu ferð! Þú munt ekki sjá eftir því!



D3 og íslenski afþreyingarmarkaðurinn



Höfundur:

Dagný Lára
Guðmundsdóttir

D3 er leiðandi fyrirtæki á sviði stafrænnar dreifingar en það er í eigu Senu sem hefur það að leiðarljósi að bæta þjónustu á íslenskum afþreyingarmarkaði. Á vegum D3 eru reknað tvær vel kunnar vefsíður: tonlist.is og eBækur.is. Við spurjum Pál Jónsson, rekstrarstjóra D3 hvað sé á döfinni hjá þeim og fáum hann til að útskýra starfsemina og reksturinn.



Tonlist.is

Tonlist.is er stærsti vefurinn innan D3 en hann búin að vera til í rúmlega tíu ár. Þar geturðu nálgast sjö milljónir laga og nánast alla íslensku tónlistina.

Eruð þið í einhverri þróunarvinnu þessa dagana?

Núna erum við að vinna í að gera streymiþjónustuna betri og „öppin“ notendavænni. Nú er til að mynda hægt að streyma tónlist af tonlist.is í gegnum græjurnar í Apple TV. Þetta er tilvalið í teitum þar sem hægt er að láta spjaldtölvuna ganga á milli manna og streyma tónlistinni þráðlaust yfir í græjurnar. Þarna eru samankomin á einum stað öll nýjustu íslensku lög og nýjasta erlenda tónlistin. Þetta svínvirkar í ræktinni, bílnum og á ferðinni. Maður er hætstur að þurfa að taka geisladiskinn, setja á hann lög og brenna hann. Núna er allt á einum stað, físlétt og þægilegt í notkun.

Hversu kostnaðarsamt er að niðurhala tónlistinni?

Íslenskt niðurhal er ókeypis þegar þú ert tengdur við þráðlaust net. En þegar þú ert með þungfrelsi eða 3G fer kostnaður eftir símaáskriftinni. Ef þú ert með eins gígabæta gagnamagn í símaáskriftinni þá þarftu ekki að hafa áhyggjur því hvert lag tekur örlitinn hluta af gígabætinu. Öll símafyrirtækin eru með gagnamagnsmæli

svo þú getur fylgst nákvæmlega með því hversu miklu þú halar niður.

Fá íslenskir tónlistarmenn eitthvað fyrir sína köku?

Við greiðum stóran hluta af okkar tekjum til Stefs. Tónlistarmennirnir fá síðan hlutfallslegar tekjur af hverri spilun. Við tökum niður tölurnar sem sýna hversu oft hvert lag er spilað og síðan skilum við skýrslum reglulega til Stefs. Hluti af öllu sem þú kaupir á tonlist.is mun skila sér til tónlistarmannanna. Þú hlustar á Ásgeir Trausta og þá fær hann hluta af sinni köku réttilega miðað við fjölda spilanna. Við seljum líka mikið af heilu diskunum en ekki bara stök lög. Til dæmis hafa selst tæplega tvö þúsund plötur með Ásgeiri Trausta.

Er samkeppnin mikil á þessum markaði?

Við fögnum allri samkeppni sem er á eðlilegum forsendum. Við erum mjög meðvitaðir um að íslensk tónlist er er lykillinn að velgengi okkar. Neytendurnir vilja fá íslenska tónlist og það er eitthvað sem við teljum okkur hafa umfram margar aðrar tónlistarveitur. Þó erlendur aðili kæmi á markaðinn og færi að streyma íslenskrri tónlist þá væri það ekki endilega stækka. Niðurhal hefur verið öflugt á Íslandi en markaðurinn mætti alveg

Hlustaðu hér · þar · allsstaðar!
Prófaðu frítt í 30 daga!

Hlustaðu hvar og hvenær sem er
Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.

stækka. Við á Íslandi höfum hingað til verið tveimur til þremur árum á eftir hinum Norðurlöndunum í þessari þróun. Í Noregi hafa 48% þjóðarinnar prófað einhvers konar streymi svo við erum því frekar aftarlega í þessu neysluformi sem er að hluta til vegna þess að aðgengið hefur ekki verið nógu gott. Það eru ekki nema tvö ár síðan við fórum að bjóða upp á alvöru streymilausn.

Bitnar ólöglegt niðurhal mikið á ykkar starfsemi?

Við getum lítið gert við ólöglega niðurhalinu en vonumst til að löggjöfin muni bregðast við sem allra fyrst. Við reynum að bjóða upp á góða þjónustu og samkeppnishæft verð. Íslendingar eru oft tilbúnari til að borga fyrir íslenska tónlist en kannski minna reiðubúnir að borga fyrir erlenda tónlist. Fólk vill fá þjónustuna og aðgengið í stað þess að vera að vesenast í því að niðurhala sjálft. Þá getur það haft alla tónlistna sína, allan lagalistann, alla nýju íslensku tónlistarmenna á einum stað og það veit að það er að borga tónlistarmanninum sanngjarnt verð fyrir. Mögulega mun ólöglegt niðurhal alltaf vera til staðar en aðgengi og verð er mótvægi gegn því.

Eru tónlistin á tonlist.is afritunarvarin?

Hún er ekki afritunarvarin enda tíðkast það ekki. Það var mikið stökk í kringum árið 2007, þegar tónlistarveiturnar tóku afritunarvörnina af tónlistinni. Neytendurnir vilja hafa þetta óvarið svo það geti gert

það sem þeim sýnist við tónlistina sem það hefur keypt. Auðvitað er það bara skynsemi fólks og réttlætiskennnd sem að stjórnar því hvað það gerir við hvert eintak.

Hvernig verður maður áskrifandi að tonlist.is?

Þú ferð á tonlist.is og býrð þér til notendanafn og færð lykilorð. Þetta notendanafn dugur fyrir fleiri síður á okkar vegum einsog eBækur.is og í framtíðinni mun það líka gefa þér aðgang að eLeikir.is og eMidar.is. Það kostar 1690 krónur á mánuði að vera áskrifandi sem er jafn mikið og áskriftin kostar hjá Spotify en það verð hefur lengi staðið í stað. Við mælum með því að fólk kynni sér þjónustu tonlist.is sér að kostnaðarlausu en við bjóðum upp á fría prufuáskrift í 30 daga.

eBækur.is

eBækur.is er stafræn bókaverslun sem selur u.þ.b. 700.000 bækur á rafrænu formi. Hún starfar í sátt við bókaútgefendur um víða veröld en þar má nálgast eitt stærsta safn af íslenskum og erlendum bókmenntum á rafrænu formi sem völ er á hér á Íslandi.

Eru rafrænar ykkar afritunarvarðar?

Allar bækurnar sem við erum með eru í dag afritunarvarðar því það er í raun krafa frá bókaútgefundunum. Auðvitað værum við fegin ef allar bækurnar væru óvarðar og hægt væri að lesa þær í hvaða forriti sem er en afritunarvarnir eru hugsaðar fyrst og fremst til þess að verja hag útgefenda og rithöfunda sem er vitanlega mjög jákvætt. Við bjóðum upp á sér „app“ fyrir iPad, iPhone og Android síma þar sem hægt er að lesa bækurnar frá eBækur.is. Bækurnar okkar er ekki hægt að lesa í Kindleum því hann er eiginlega sér á báti og styður eingöngu svokallað „drm“ frá Amazon.com. En við höfum verið að selja lestölvur í samstarfi við Elko sem eru mjög svipaðar Kindleum þar sem hægt er að lesa bækur keyptar hjá okkur.

Er samkeppnin hörð?

Það eru þó nokkur fyrirtæki að bjóða upp á rafrænar bækur og við getum sagt að samkeppnin sé ansi hörð. En við erum þeir einu sem eru með „app“ fyrir spjaldtölvurnar og símana. Það er því hægt að hafa allar rafrænar bækur á einum stað í þessu „appi“ sem er það sem við teljum okkur hafa umfram aðrar rafrænbókaverslanir á Íslandi.



Það er líka mikil verðbáratta rétt einsog á efnislega bókamarkaðnum. Það jákvæða er að markaðurinn er ört stækkandi, 25% af bókum í Bandaríkjunum eru nú seldar í formi rafbóka en á Íslandi er salan undir 5%. Við erum því mjög aftarlega í þróuninni en þar hefur líka spilað inn í framboð og aðgengi sem mun klárlega batna á næstu árum. Síðustu tvö til þrjú ár komu allir stóru titlarnir komið út á rafbók og á næsta ári koma vonandi allir íslenskir titlar út á rafbókaforni.

Þið bjóðið líka upp á hljóðbækur, er það vinsælt?

Það hefur orðið ákveðin vakning í hljóðbókunum og fólk er hægt og rólega að uppgötva hversu mikil snilld þær eru. Við höfum framleitt töluvert af hljóðbókum. Þá fáum við til okkar góða leikara einsog Ingvar E. Sigurðsson sem hefur lesið bækur eftir Arnald Indriðason en þannig höfum við stuðlað að gæði hljóðbókanna sem er okkar sérstaða. Við teljum að þessum markaði hafi hingað til ekki verið nógu vel sinnt en nú er bæði framboðið og eftirspurnin öll að taka við sér. Hljóðbækurnar okkar eru þannig að þú getur niðurhalað þeim og átt þær inni á tölvunni þinni en þær eru ekki afritunarvarðar. Þú myndir til dæmis lána bók eða geisladisk ef vinur þinn vildi fá það lánað. Þá er spurningin hvað er teljist vera innan eðlilegra marka en það verður bara að höfða til samvisku hvers og eins.

Hvernig gætu viðskiptafræðinemar nýtt sér eBækur.is?

Það getur oft verið aðeins þægilegra að finna bækurnar heima í sófanum heldur en að fara á bókasafnið og auk þess eru þær á viðráðanlegri verði heldur efnislegar bækur. Við bjóðum upp á margar viðskiptafræðibækur eftir ýmsa höfundar einsog til dæmis Warren Buffet. Nú er markaðsfræðingurinn Kotler væntanlegur til landsins. Á fyrirlestrinum verður ákveðnum fjölda gesta gefin rafbók með í kaupbæti sem er skrifuð eftir hann sjálfan. Við höfum líka verið að skoða hvernig við getum boðið upp á skólabækur í stafrænu formi á ódýrari verði en doðrantarnir. Við erum búnir að sækja bókalista í viðskiptafræðideildir HR og HÍ og erum að skoða möguleikana í samstarfi við erlendu samstarfsaðilana okkar úti.

**eMidar og eLeikir
Nú hafið þið hugsað ykkur að opna vefsíðuna eMidar.is, að hvaða leyti verður það öðruvísi en midi.is?**

Að því leyti að til að byrja með verða eingöngu seldir miðar fyrir Háskólabíó og Smárabíó. Midi.is er að selja líka miða fyrir Háskólabíó og Smárabíó og mun halda því áfram. Sena sem á D3 og eMidi.is, rekur Smára- og Háskólabíó. Við erum í raun og veru að taka upp bíómíðasölukerfi svo þú getur keypt miða í gegnum símann eða „app“. Til þess að fara inn á eMidi.is mun í raun vera nóg fyrir þig að hafa

notendanafn og lykilorð fyrir tonlist.is. Ef þú ert búinn að setja kortanúmerið þar inn þá geturðu keypt þar miða fyrirhafnarlaust.

Nú farið þið bráðum að opna vefsíðuna eLeikir.is. Hvernig gengur undirbúningsvinnan?

eLeikir.is verður fyrsti leikjavefurinn sem selur leiki til niðurhals. Þannig að þú kaupir leikinn til þess að eiga hann inni á þinni tölvu en ert ekki að spila hann á netinu. Næsta haust er von á því að Sony komi með nýja Playstation 4. Sena er umboðsaðili fyrir Sony á Íslandi svo þeir selja Playstation tölvuleiki. Eleikir.is munu reyna að komast til móts við notendur sína eftir bestu getu en til að byrja með munum við selja eingöngu PC leiki og netleiki. Við erum að vinna í því að þróa samstarfið við leikjaframleiðandann EA Games og Sony varðandi það hvernig við getum selt þeirra leiki fyrir aðrar tegundir en bara PC, en það eru ekki komnar neinar endanlegar niðurstöður.

Hvernig gengur ykkur að vinna að því að koma upp íslensku netflixi?

Við erum á fullu að skoða markaðinn og meta aðstæður. Við erum í raun og veru ekki komnir með neitt plan um það hvenær, hvernig og jafnvel hvort að við munum láta að þessu verða. Við erum enn að ræða möguleikana við samstarfsaðila og erlend stúdíó.

Ertu tilbúinn?



PwC | Skógarhlíð 12 | 112 Reykjavík | S. 550 5300

PwC á Íslandi er framsæki og taust fyrirtæki sem veitir sérfræ i jónustu á svi i fyrirtækja- skatta- og lögfræ irá gjafar, endursko unar og reikningskila. Fyrirtæki er íslenskt og er hluti af al jö legu neti sjálfstæ ra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem ekkjarfyrirtæki sem a sto ar vi skiptavini sína vi a auka ver meiti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.



24.995 kr.
Lestölvu + gjafakort
með 4.000 kr. innleiðni

Njóttu þess að lesa ...
eBækur
www.ebakur.is

GJAFAKORT

Lestölvu & gjafakort

Hverju myndi það breyta fyrir þig...

"Ég er í háskólanámi og með börn á heimili. Ég hef átt sífellt erfiðara með að komast í gegnum allt námskeiðið mitt. Þegar ég kom á námskeiðið voru vorprófin að byrja og mjög stór hluti námskefnisins ólesinn vegna óvenju mikillar verkefnavinnu. Ég var orðin mjög stressuð og bjóst ekki við að geta lesið nema brot af efninu. Tæknin sem ég lærði hjálpaði mér að komast í gegnum næstum allt námskeiðið fyrir prófin og skilningur var það góður að ég var á meðal hæstu nemenda í öllum kúrsunum." - Sigrún Halla Ásgeirsdóttir, 30 ára háskólanemi.

"Frábært námskeið, þrefaldaði lestrarhraða minn. Glósurækt og námstækni. Flott æviábyrgð og góð fjárfesting fyrir lífið." - Þryndís Erna, 35 ára nemi

"Er búin að þrefalda lestrarhraðann á einni helgi. Þetta mun hjálpa mér mikið í framhaldinu. Hefði viljað fara strax í upphafi skólaárs. Hverrar krónu virði!" - Arna Jálúsóttir, 27 ára nemi.

...ef þú gætir verið rúmlega tvöfalt fljótari að lesa námstextann þinn fyrir næstu prófatörn - og verið með meiri einbeitingu og lesskilning?

Ný námskeið að hefjast!

Njóttu námsins og kíktu núna...


www.h.is/vetur

eða hafðu samband
773-0100

HRADLESTRARSKÓLINN

Facebook.com/Hradlestrarskolinn

Lífið í Deildinni




YFIR 30.000 HAFNA NÚ NÁÐ SÉR Í DOMINO'S APPIÐ



PANTAÐU ÞÉR PIZZU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með Domino's appinu og á vefnum okkar, dominos.is. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

NÁÐU Í APPIÐ OG PRÓFAÐU AÐ PANTA!



Lífið í Deildinni




Í ÞÍNUM HÖNDUM

Náttúran er villt og lýtur eigin lögmálum. Það er því á okkar ábyrgð hvernig við umgöngumst hana. Látum þau áhrif sem við höfum á umhverfi okkar vera til hins betra.

Sigarettustubbar eru mörg ár eða áratugi að eyðast í náttúrunni og hafa þar að auki fundist í maga fugla, fiska og sjávarspendýra.

 VÍNBUÐIN



Vallarstræti
Kæmbergade

Óttar Snædal
borgar félagi sínum fyrir kaffi

„Ég legg kaffið bara inn á símanúmerið þitt“

Þú þarft ekki lengur reikningsnúmer og kennitölu þegar þú millifærir í netbanka Landsbankans. Viðtakandinn getur verið í hvaða banka sem er. Kynntu þér snjallgreiðslur á landsbankinn.is eða á farsímavefnum L.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Viðtal Microbar



Höfundar:

Óli Sveinn Bernharðsson
Trausti Einarsson



Microbar er lítill staður, falinn djúpt inni í Austurstræti og deilir húsnæði með fallegu hóteli.

Microbar Sérhæfir sig í bjór og í tilefni af bjórdegningum 1. Mars ákváðum við að kíkja þangað og kynna okkur staðinn. Klukkan 15:00 á slaginu vorum við mættir á þennan fallega litla stað að hitta Stein hjá Microbar. Steinn hefur enga sérstaka stöðu innan Microbar og eru það hann og Ingi Þór sem sjá tveir um staðinn. Þeir deila allri ábyrgð jafnt á milli sín.

Mágus býður lesendum velkomna á þennan leynda bar sem hefur margt uppá að bjóða fyrir bjórþyrsta einstaklinga.

Saga barsins

Upphaf Microbar hefst þegar samstarf Gæðings brugghús og íslenska barsins endar, Gæðingur hafði verið með bjórinn sinn í sölu hjá Íslenska en í kjölfar samstarfsloka ákvað Árni, eigandi Gæðings að opna sinn eigin bar til að koma bjórnum aftur í sölu. Hann hefur samband við Stein og spyr hvort hann vilji vinna fyrir hann á nýjum bar sem hann er að spá í að opna.

Í byrjun létu þeir þetta svolítið ráðast að sjálfu sér og höfðu enginn sérstök plön um hvernig staðurinn yrði. Árni var í miklum samskiptum við fréttablaðið og moggan og gerir sitt til að auglýsa staðinn enda gera þeir sér grein fyrir því að staðurinn þarf að opna við fyrsta tækifæri til að koma bjórnum í sölu.

Barinn var opnaður fyrsta júní síðastliðinn,

með prompi og prakt. 25 bjórar í sölu, þar af eru átta á krana og gera starfsmenn Microbar sitt besta til að halda fjölbreytni í því sem er í boði á krana.

Markaðsfræðinn

Strákarnir hjá microbar bjuggust við því að þetta yrði fyrst og fremst staður sem væri með íslenskan bjór í sölu og mikið fyrir túrista til að koma og drekka góðan íslenskan bjór. En í ljós kemur að íslenskir neytendur eru fleiri en búist var við og hafa margir þá áhuga á að prófa eitthvað nýtt og sérstakt. Í ljós koma að það var glúfa í markaðinum. Það eru margir barir og skemmtistaðir í miðbæ reykjavíkur en enginn þeirra er að sérhæfa sig í fjölbreyttu úrvali á bjór. Þess vegna ákváðu þeir að nýta tækifærið og mæta þessari óvæntu eftirspurn með auknu úrvali á erlendum bjór. Þeir settu sig í samband við fyrirtækið

Járn og gler sem hafa verið að flytja inn erlendan bjór sem hefur ekkert nema bestu meðmæli frá öllum sem bragðað hafa á honum. Þeir höfðu stundað viðskipti við þá áður og þar sem viðskipti þeirra á milli voru til fyrirmyndar ákváðu þeir hjá Microbar að auka við þann bjór sem þeir keyptu hjá Járn og Gler. Megnið af þeim 60 bjórtegundum sem Járn og Gler hóf að flytja inn fyrir Microbar fer ekki í sölu nein staðar annarsstaðar. Þeir Ingi Þór og Steinn hafa báðir bragðað á öllum þeim bjórtegundum sem í boði eru á Microbar og sem sjálfmenntaðar fyllibytur vita þeir nánast allt um það úrval sem er í boði á Microbar. Bjórþyrstir einstaklingar geta því gengið að barnum, lýst einkennum bjórsins sem þeir þrá og Strákarnir finna til þann bjór sem mætir útsettum skilyrðum. Líklegt kann að þykja, kæri lesandi að þú hafir ekki heyrt um þennan stað áður.



En það á þó ekki að þykja merki um fáfræði enda hafa starfsmenn Microbar að reitt sig á og hafa því ekki eytt krónu í auglýsingar. En vegna góðs orðspors, rannsóknarblaðamennsku og sérstöðu þeirra vilja margir fjölmiðlar ólmir fjalla um staðinn. Einnig hafa flest hótél á svæðinu einnig bent sínum gestum á staðinn enda er hlutverk hótela að gera dvöl gesta sinna sem ánægjulegasta.

Bjórmenning á Íslandi

Bjór hefur verið til á Íslandi um margar aldir, en þó ekki löglega fyrr en 1989. Steinn telur bjórmenningu þó ekki vera nema 5-6 ára gömul. Eins fráleit og það kann að hljóma hefur hann ansi góð rök að styðja. Fyrsta íslenska brugghúsið opnaði ekki fyrr en 2006 og opnuðu svolítið markaðinn fyrir aðra samkeppnisaðila og á næstu árum spruttu upp mörg lítil brugghús og þar á meðal Gæðingur. Þessi markaður er sívaxandi, sem þýðir að markaðurinn er sívaxandi og bjórmenningin með. Sérbruggaðir bjórar eru að koma inn á markaðinn í auknum mæli bæði á skemmtistöðum og í ríkinu. En þrátt fyrir það telur Steinn það ekki vera neina samkeppni við Microbar enda hafa þeir náð að skapa sér svo gífurlega sérstöðu á markaðnum. En þó markaðurinn vaxi og ógn vegna staðs sem væri hugsanleg með svipaða starfsemi liggja fyrir taka strákarnir því ekki sem neinni raunverulegri ógn. Þetta myndi vera merki um hve ört bjórmenning á Íslandi væri vaxandi og að fólk er að fá meiri áhuga fyrir sérstökum bjór og því taka þeir bara fagnandi.

Stemming & Hönnun

Microbar er frábrugðinn öðrum börum þegar kemur að stemmingu. Þar sem margir barir gera mikið upp úr hávaða og látum hefur Microbar allrólegri stemmingu. Tónlistin fer aldrei yfir 8 á tækinu sem þykir harla mikið. Lagt er upp úr ví að fólk geti farið saman og fengið sér bjór. Þeir félagar hafa sérstaklega komið upp sérstökum plötum í loftið til að aðstæður séu sem bestar til að spjalla saman án þess þó að komi klíður. Ólíkt öðrum stöðum er ekki gert út frá því að hafa opnunartíma sem lengstan er Microbar einunis opin til eitt enda leggja menn á þeim bænum ekki mikið upp úr haugafylleríum. Ekki eru margir starfsmenn á barnum og ættu viðskiptavinir því að geta myndað persónulegra samband en gengur og gerist á mörgum öðrum skemmtistöðum borgarinnar.


Strákarnir reyna reglulega að hafa viðburði svo sem bjórsmökkun og kynningar þar sem fólk kynnist nýjum bjórtegundum, bruggaðferðum og bjórmenningu svo fátt sé nefnt. Viðburðirnir eru reglulega auglýstir á facebook síðu Microbar og eru yfirleitt á mjög sanngjörnu verði, enda leggja þeir hjá microbar mikið upp úr gleði og jákvæðri reynslu gesta sinna.

Niðurlag


Það má draga þá ályktun að bjórmenning hafi vaxið mikið frá því bjórinn var leyfður 1989 og á hún bara eftir að vaxa úr þessu. Líta má á opnun þessa bjórstaðar sem mikilvægt þrep í áttina að bættri bjórmenningu Íslands.

Við viljum hvetja þig ágæti lesandi til þess að líta við hjá Steini og Inga hvort sem það er til þess að fá þér einn bjór, hitta félagana, kíkja á námskeið hjá þeim eða bara til að nota klósettið. Staðurinn er mjög fallegur og er gaman að benda á það að Hugleikur Dagsson teiknaði allar myndirnar sem sjást á veggjum barsins og einnig öll logo fyrir Microbar og Gæðingsbjórinn.

Við viljum enda þessa grein okkar á sama máta og viðtal okkar lauk við Stein "Viljið þið bjór?"



Styrktarlínur



Vestfirðir

Djúpir firðir, stuttar fjarir og himinhá fjöll einkenna þennan afskekkt stað á Íslandi. Samgöngur hafa lengi lamað þróun svæðisins. Malarvegir þræða firðina endilanga og á sumrin er fátt notalegra en að stoppa við, horfa út firðina og velta fyrir sér möguleikana sem þeir bera í skauti sér.

Á undanförunum árum hafa Vestfirðir orðið einkonar mekka fiskeldis. Dýpt fjarðanna, straupunginn og skjól fjallana mynda frábært umhverfi til að ala fisk. Fjarðarlax, fyrirtæki í laxeldi, hefur nýtt sér þetta tækifæri og lagt kvíar viðsvegur um Patreksfjörð, Tálknafjörð og Arnarfjörð. Sumarið 2012 voru flutt milljón seiði í kvíarnar til ólnar með það að markmiði að ala og selja til Bandaríkjana. Fleiri fyrirtæki hafa fylgt í kjölfarið og ber hæst að nefna Arnarlax sem hygst leggja kvíar í Arnarfjörðinn, einnig hefur Matís, rannsóknar-, þróunar og nýsköpunar fyrirtæki, hefur sett upp búðir á svæðinu með það að markmiði að ýta undir þessa þróun.

Fiskurinn er ekki eini leyndardómurinn á þessu svæði en sjávarbotninn er smekkfullur af kalkþörungum. Celtic sea minerals í samstarfi við Íslenska Kalkþörungaverksmiðjuna hafa sett upp áætlun að nýta þessa auðlind á sjálfbæran hátt. Mánaðarlega er framleiðslan um 2000 tonn og markmið sett á að framleiða yfir 30.000 tonn árlega. Gert er ráð fyrir að 99% af framleiðslunni muni fara á erlendan markað. Afsprengi þessara framkvæmda eru þegar farin að lýta dagsins ljós og má sjá vörur frá Hafkalk í hillum í öllum helstu verslunum landsins.

Pótt sjórinn og sjávarrikið afli helstu tekna svæðisins og lítt um gróðurlendi láta íbúar ekki deigan síga. Bóndabæir standa enn en helst ber að nefna nýting flórunar til tekna. Eigendur Villimeyjar, smyrsla verksmiðju í Tálknafirði, ráfa um fjöllin og týna jurtir og plöntur og halda viðamikla skrá um hvern unnin akur, til að auðlindin haldist sjálfbær. Jurtirnar eru verkaðar og græðandi smyrsl framleidd. Afurðirnar hafa náð miklum vinsældum og syngja neytendur þeirra lofsöngva um Villimey.



Metnaðurinn og viljinn er til staðar, sunnanverðir vestfirðir eru stútfullur af tækifærum og möguleikum fyrir unga viðskiptafræðinga til að stofna fyrirtæki og öðlast ógleymanlega reynslu. Einstaklingarnir hjá Atvinnuþróunarfélagi vestfjarða (AtVest) eru að vinna gríðarlegt þrekvirki og er nýopnaða hótelið, Hótel Edda, gott dæmi um viljan. Ferðaiðnaðurinn er næstur á dagskrá, nú fer hver að verða síðastur að opna finan veitingastað og/eða ferðabjónustu til að anna eftirspurn ferðamanna.

Þú sparar með Fékortinu

Nýtt fyrirframgreitt kort

Það er auðvitað frábært að eyða peningum sem maður á ekki. En miklu skemmtilegra er að eiga fyrir því sem maður kaupir hverju sinni.

Farðu á fékort.is, til að sækja um Fékortið, nýtt fyrirframgreitt greiðslukort fyrir skynsama í fjármálum. Það er sannkölluð ferð til fjár.



KREDITKORT





VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Viltu bæta við þekkingu þína?

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt framhaldsnám.

Þú getur valið um 9 námsleiðir í framhaldsnámi:

- MS** í fjármálum fyrirtækja
- MS** í mannauðsstjórnun
- MS** í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- MS** í stjórnun og stefnumótun
- MS** í viðskiptafræði
- MA** í skattarétti og reikningskilum
- M.Acc.** í reikningshaldi og endurskoðun
- PhD** í viðskiptafræði
- MBA** í viðskiptafræði

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.vidskipti.hi.is.

Umsóknarfrestur í MBA nám er 5. júní, sjá nánar á www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD